



## Opinber fjárfesting kemur ekki alltaf þótt hún hafi verið áformuð

*Útboðsþing Samtaka iðnaðarins er jafnan haldið í upphafi árs. Þar kynna opinberir aðilar þær verklegu framkvæmdir sem áformað er að bjóða út á árinu. Niðurstöður síðustu þriggja ára benda til þess að langt sé á milli hugmynda og yfirlýsinga um opinberar fjárfestingar sem koma fram á þinginu og þess að koma þeim í framkvæmd.*

Kynningar á útboðsþingi ættu að öðru jöfnu að gefa ágæta mynd af áætluðum opinberum fjárfestingum. Þarna er þó ekki um tæmandi upptalningu á öllum verkefnum að ræða þar sem það eru einungis stærstu opinberu stofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög sem kynna áætlanir sínar. Þá er ekki um nákvæmlega sömu aðila að ræða frá ári til árs.



Á síðasta útboðsþingi í lok janúar voru kynnt opinber verkefni fyrir um 139 ma.kr. Á þinginu í fyrra voru kynnt verkefni fyrir um 132 ma.kr. Þannig að áætlað umfang nú er rúmum 7 mö.kr. meira en í fyrra.

### Áætlanir ganga ekki alltaf eftir

Eftir þingið birtu Samtök iðnaðarins samanburð á þeim áætlunum sem komu fram á þinginu 2020 og því sem framkvæmt var á árinu. Þar kemur í ljós að töluvert var í land með að áætlanir aðila gengju upp. Af tölunum að dæma sést að í kringum 70% áætlana hafi komist til framkvæmda. Þar munar mikið um þá aðila sem tengjast ferðaþjónustunni mest. Til dæmis birti ISAVIA áform upp á 21 ma.kr. í upphafi árs en niðurstaða framkvæmda var einungis 0,2 ma.kr. Svipað má segja um Faxaflóahafnir sem einungis framkvæmdu fyrir um 10% af áætlunum. Orka náttúrunnar framkvæmdi um 11% af áætlunum og Vegagerðin um 80%. Reykjavíkurborg og Veitur framkvæmdu hins vegar fyrir meira en áætlað var.

### Samhengi útboðsþinga og þjóðhagsreikninga

Heildarumfang opinberrar fjárfestingar birtist jafnan í þjóðhagsreikningum, bæði birt miðað við ársfjórðunga og heil ár.





Á útboðsþingi ársins 2019 voru kynnt áform stærstu aðila upp á um 128 ma.kr. Niðurstaða þjóðhagsreikninga varðandi opinbera fjárfestingu á 2019 var um 108 ma.kr., eða um 80% af áformum.

Eins og áður segir voru birt áform um opinber verkefni upp á 132 ma.kr. í upphafi ársins 2020. Bráðabirgðaniðurstaða þjóðhagsreikninga fyrir fyrstu þrjá fjórðunga ársins 2020 er um 66 ma.kr., eða innan við helmingur þess sem stefnt var að. Verði niðurstaða 4. ársfjórðungs í samræmi við þá þrjá fyrstu má ætla að opinber fjárfesting verði um 87 ma.kr. á árinu 2020, eða um 65% af áformum.

Sé aftur til ársins 2016 má sjá að birtingar áætlana á útboðsþingi síðustu þriggja ára eru mun hærri en nemur tölum um opinbera fjárfestingu viðkomandi ára. Þessu var öfugt farið á árunum 2016 og 2017 þar sem niðurstaða þjóðhagsreikninga var hærri en það sem kynnt var á útboðsþingum.


### Niðurstaða þjóðhagsreikninga ætti að vera hærri

Varðandi þessa niðurstöðu síðustu 5 ára hefur engin tilraun verið gerð til þess að meta hvaða aðilar kynntu niðurstöðu sína á þessum árum og hvað þeir vegu þungt í heildardæminu. Að öðru jöfnu má svo ætla að eðlilegt væri að niðurstaða um opinberar fjárfestingar í þjóðhagsreikningum væri töluvert hærri en þau áform sem helstu aðilar kynna í upphafi árs. Niðurstöður síðustu þriggja ára benda til þess að langt sé á milli hugmynda og yfirlýsinga um opinberar fjárfestingar og þess að koma þeim í framkvæmd. Því má segja að ákveðin léttúð tengist umræðu um komandi fjárfestingar opinberra aðila - það ætti að liggja fyrir að oft sé erfitt að koma þeim í framkvæmd, en þess er yfirleitt ekki getið í yfirlýsingum.

### Minnkuð fjárfesting skýtur skökku við


Minnkandi opinberar fjárfestingar eru óneitanlega nokkuð úr korti í ljósi þess að opinbert fjárfestingaráttak hefur verið margþað, t.d. í tengslum við endurskoðun fjármálastefnu vorið 2019. Það var svo gert í annað skipti í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sl. vetur um aðgerðir vegna veirufaraldursins. Þá var ákveðið í fjárukalögum stuttu seinna að auka fjárfestingar ríkissjóðs um 19 ma.kr. á árinu 2020 ofan á 7 ma.kr viðbót sem hafði verið samþykkt í fjárlögum ársins. Allar þessar

### Niðurstaða útboðsþinga og opinber fjárfesting




Heimild: Samtök iðnaðarins, Hagstofa Íslands. \* Fjárfestingartala fyrir 2020 miðast við að umfang 4. ársfjórðungs verði að jafnaði sama og hinna.

### Fjárfesting hins opinbera á verðlagi hvers árs



Heimild: Hagstofa Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Óreglulegir liðir eru Hvalfjarðargöng og Vestmannaeyjaferja

### Breyting fjárfestinga frá sama ársfjórðungi fyrra árs



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



yfirlýsingar voru gerðar í ljósi þess að almenn atvinnuvegafjárfesting væri í lágmarki og nú væri rétti tíminn fyrir opinbera aðila að láta til sín taka. Fjárfesting ríkissjóðs var um 67 ma.kr. á árinu 2019 og með fjárlögum og fjáráukalögum hafði verið ákveðin aukning upp á 25 ma.kr. frá síðasta ári, eða 37%. Og aftur var boðað fjárfestingaráttak í tengslum við fjármálaáætlun sem lögð var fram í þingbyrjun.

### ***Talningar Samtaka iðnaðarins***

Það hefur lengi verið ljóst að niðurstöður talninga Samtaka iðnaðarins á íbúðarhúsnæði í byggingu hafa verið einu nothæfu upplýsingarnar um þær nauðsynlegu stærðir. Opinberum aðilum hefur mistekist að hafa áreiðanlegar upplýsingar til reiðu um þau mál. Að sama skapi má segja að útboðsþing samtakanna sé gott framtak og góður vettvangur fyrir opinbera aðila að koma upplýsingum á framfæri.

Munurinn á þessu tvennu er að talningar á íbúðum fara fram samhliða framkvæmd og eftir á, en upplýsingar á útboðsþingi lýsa áformum. Því miður segir sagan að sum þeirra áforma séu hugsanlega birt full snemma og ekki sé víst að þau komi til framkvæmda. Auðvitað hefur faraldurinn á síðasta ári haft áhrif í þessu sambandi, en ítrekaðar yfirlýsingar stjórnvalda um stóraukna opinbera fjárfestingu, ekki síst í innviðum, hafa alls ekki staðist og ekki ólíklegt að stór opinber fjárfestingarbylgja kunni að koma samtímis því sem almenn atvinnuvegafjárfesting tekur við sér.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.